

Gjaldskrá fyrir frístundaheimili í Sveitarfélaginu Árborg frá 1. janúar 2019

Gjaldskrá fyrir frístundaheimili í Sveitarfélaginu Árborg frá 1. janúar 2019 verður samkvæmt eftirfarandi:

Frístundaheimili

Þjónusta	þátttaka	hressing	samtals
Vistun 5 daga	15,285	4,413	19,698
Vistun 4 daga	12,464	3,534	15,998
Vistun 3 daga	9,621	2,645	12,266
Vistun 2 daga	6,787	1,779	8,566
Vistun 1 daga	3,944	901	4,846
Lengd viðvera	2,294		2,294

Systkinaafsláttur

Systkinaafsláttur gildir á milli leikskóla, frístundar, lengdrar viðveru og dagforeldra. Systkinaafsláttur er 25% með öðru barni og 100% með þriðja barni. Afsláttur reiknast alltaf á elsta barnið. Einungis er veittur afsláttur af vistunargjaldi í frístund. Skilyrði er að hafa sama lögheimili og fjölskyldunúmer í þjóðskrá.

Ef þjónusta er nýtt kl. 8:00-13:00 á foreldradögum og starfsdögum skóla eða í jóla- og páskafríum þarf að greiða fyrir það 2.214.- á dag og er þá talað um lengda viðveru. Óskað er eftir sér skráningu þessa daga. Einnig er hægt að skrá þau börn eftir hádegi sem ekki eru skráð í vistun þann vikudag og greitt sérstaklega fyrir. Skráning á langa daga er bindandi og ekki er veittur systkinaafsláttur af viðbótarvistun þessa daga.